

---

## Efnistaka í námunum Miðfirði 1 og 2, Langanesbyggð Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 15. maí 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða aukna efnistöku í námunum Miðfirði 1 og 2, Langanesbyggð, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Langanesbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efnistaka í námunum Miðfirði 1 og 2, Langanesbyggð með lýsingu á umfangi og ljósmyndum af vettvangi.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Langanesbyggð með tölvupósti dags. 22. júní 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti þann 26. maí 2020,
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 25. maí 2020,
- Umhverfisstofnun með bréfi þann 9. júní 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti þann 12. júní 2020.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér aukna efnistöku úr námunum Miðfirði 1 og Miðfirði 2 í Langanesbyggð. Fram kemur að Vegagerðin áætla að taka þurfi meira efni úr námunum tveimur en gert er ráð fyrir í núgildandi aðalskipulagi Langanesbyggðar, en komið hefur í ljós að fyrirhuguð endurbygging Norðausturvegar um Finna fjörð og Bakkafjörð er mun efnisfrekari en gert var ráð fyrir í upphafi.

#### Efnistökusvæðin

Núverandi efnistökusvæði sem hér eru til umfjöllunar eru tvö. Stærri náman er nefnd Miðfjörður 1 og er í fornum sandhjalla suðaustan megin í Miðfirði. Náman var notuð til efnistöku við uppbyggingu núverandi Norðausturvegar árið 1979 og hefur ekki verið notuð eftir það nema að litlu leyti af landeiganda. Efnistökusvæðið er nú 10.000 m<sup>2</sup> og heimilt að nýta 30.000 m<sup>3</sup>, en áætlun er um að stækka svæðið í 48.000 m<sup>2</sup> og nýta 90.000 m<sup>3</sup> af efni af svæðinu. Smærri náman er nefnd Miðfjörður 2 og er í fornum sjávarkambi við sunnanverðan Miðfjörð. Svæðið hefur verið nýtt til efnistöku áður, en gengið var frá námunni 2008. Efnistökusvæðið er nú 10.000 m<sup>2</sup> og heimilt að nýta 20.000 m<sup>3</sup>, en áætlun er um að stækka svæðið í 14.000 m<sup>2</sup> og nýta 35.000 m<sup>3</sup> af efni af svæðinu.



Fram kemur að gert sé ráð fyrir því að vinnslustál námunnar verði á bilinu 2,5-3,5 m á hæð. Hreinsa þarf að meðaltali efstu 0,5 m af yfirborði, en meira þar sem yfirborð er gróið, eða um 1,0 m. Yfirborðsjarðvegur verður haugsettur í samræmi við leyfisveitanda og haldið til haga og notaður að efnistöku lokinni. Við frágang verður efnistökusvæðið mótað þannig það falli vel að umhverfinu. Flái við jaðar námunnar verður ekki meiri en 1:3.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

### Gróður, dýralíf og ásýnd

Eins og fyrr segir eru bæði efnistökusvæðin á lítið grónum melum. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast efnistökuastaðirnir sem melar og sandlendi og er vistgerðin að stærstum hluta eyðimelavist með lágt verndargildi. Efnistökusvæðið Miðfjörður 2, nær að hluta til inn á mólendi með fjalldrapamóavist sem er skilgreint með miðlungs verndargildi.

Dýralíf hefur ekki verið kannað á efnistökusvæðunum en þekkt er að fuglalíf er mjög fábreytt og varp strjált í eyðimelavist, en fuglalíf allríkulegt í fjalldrapamóavist. Telur framkvæmdaraðili að áhrif á dýralíf verði mjög lítil og tímabundin meðan á framkvæmdum stendur.

Umhverfisstofnun telur að varðandi frágang námanna eigi að kanna hvort svæðin myndu falla betur að landi ef ekki verða skildir eftir samfelldir bakkar með sama halla meðfram jöðrum námanna heldur verði reynt að fella jaðra efnistökusvæðanna að óröskuðu landi. Telur stofnunin að teknu tilliti til ábendinga um frágang sé ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif.

Vegagerðin tekur undir með Umhverfisstofnun og mun leggja áherslu á við frágang að láta efnistökusvæðin falla vel að landslagi og verður það m.a. gert með því móta svæðið í samræmi við nærumhverfi og nýta núverandi yfirborðsjarðveg til frekari framvindu gróðurs.

### Menningaminjar

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að skrásetning fornminja innan stækkaðra efnistökusvæða hafi farið fram haustið 2019. Í fornleifaskráningu kom fram að engar fornleifar hafi fundist innan fyrirhugaða efnistökusvæðisins Miðfjörður 1, en tvær fornleifar verði skráðar innan efnistökusvæðisins Miðfjörður 2. Vegagerðin óskaði í kjölfarið eftir leyfi Minjastofnunar Íslands til að raska skráðum fornleifum á fyrrgreindu efnistökusvæði.

Minjastofnun Íslands telur að hnitsetning og skráning beggja minjastaðanna séu fullnægjandi mótvægisáðgerðir og gerir því ekki athugasemdir við framkvæmdina.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki í samræmi við Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 og kalla á breytingu á skipulaginu.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Langanesbyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða aukningu á núverandi efnistöku úr tveimur efnistökusvæðum innan Langanesbyggðar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða umfangslitla efnistöku innan tveggja svæða sem samtals ná yfir um 6 ha svæði. Efnistökusvæðin eru röskuð að hluta vegna efnistöku fyrri ára, en framkvæmdaraðili mun leggja áherslu á vandaðan frágang og fella svæðin vel að því landslagi sem fyrir er. Það verður gert með því að móta svæðið í samræmi við nærumhverfi og nýta núverandi yfirborðsjarðveg til frekari framvindu gróðurs.

Fyrirhuguð efnistaka mun koma til með breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti sem og raska vistgerðum, en þær vistgerðir eru ekki sérstaklega viðkvæmar og hafa ekki hátt verndargildi. Skipulagsstofnun telur brýnt að áform Vegagerðarinnar varðandi frágang verði eins og lýst hafi verið, þ.e. bakkar verða lagaðir að landslagi í kring og mold og svarflag, notað við frágang til að hjálpa náttúrulegum gróðri úr nágrenninu að vaxa, auk þess sem leitast þarf við að lágmarka rask á þeim gróðri sem fyrir er.

Ljóst er að óafturkræft rask verður á skráðum minjum við efnistöku, en eins og fyrr segir telur Minjastofnun Íslands að fyrir liggja fullnægjandi mótvægisáðgerðir.

### Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif efnistöku fela almennt í sér óafturkræf áhrif á s.s. landslagsheildir, gróðurfar, búsvæði fugla, og jarðveg. Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu er þó ekki líklegt að umfang áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda verði veruleg á ofangreinda umhverfisþætti. Áhrif verða staðbundin og bundin við afmarkað svæði sem þegar hefur verið raskað. Gera má ráð fyrir því að áhrifa efnistökkunnar á ásýnd svæðisins og vistgerðir þess munu gæta á komandi árum, en Skipulagsstofnun telur mögulegt að draga úr áhrifum með því að viðhafa vandaða verktilhögun við efnistöku og síðar frágang svæðisins.

### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. ágúst 2020.

Reykjavík, 2. júlí 2020



Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson